

Útskrift

Markmið deildarinnar er að tryggja öryggi sjúklings eftir heimkomu og stuðla að því að hann fái þá þjónustu sem þörf er á hverju sinni. Áður en þú ferð heim færð þú upplýsingar hjá lækni og hjúkrunarfræðingi um eftir meðferð ef einhver er og endurkomutíma. Læknir skrifar lyfseðla, lyfjakort og vottorð ef með þarf. Starfsfólk deildarinnar gefur þér upplýsingar um ýmsa þjónustu og samtök, svo sem heimahlynningu, hjúkrunarþjónustu Karitas, samtök krabbameinssjúklinga og fleira.

Ef upp koma bráð vandamál eftir að þú kemur heim skaltu hringja í skiptiborð Landspítala og biðja um vakthafandi lækni á lyflækningasviði.

Landspítali - símanúmer:
Skiptiborð - sólarhringsþjónusta: 543 1000
Krabbameinslækningadeild 11E: 543 6210 og 543 6212

Læknirinn þinn er:

Hjúkrunarfræðingurinn þinn er:

Sjúkraliðinn þinn er:

Yfirlæknir deildarinnar er Sigurður Björnsson.
Hjúkrunardeildarstjóri er Steinunn Ingvarsdóttir.

LYFLÆKNINGASVIÐ II



LYFLÆKNINGASVIÐ II

Krabbameins- lækningadeild 11E

Geymsla fjármuna: Spítalinn getur ekki tekið ábyrgð á verðmætum svo sem peningum eða skartgripum sem geymd eru á sjúkrastofu. Best er að skilja verðmæti eftir heima, en ef nauðsyn krefur er hægt að fá þau geymd í læstri hirslu á deildinni.

Þagnarskylda: Starfsfólk og nemar deildarinnar eru bundnir þagnarskyldu um öll málefni sjúklinga sem dvelja á deildinni. Við biðjum þig vinsamlega að gera veikindi annarra sjúklinga á deildinni ekki að umtalsefni.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI - LYFLÆKNINGASVIÐ II
KRABBAMEINSLÆKNINGADEILD 11E
FYRSTA ÚTGÁFA SEPTEMBER 2007

ÁBYRGÐARMAÐUR:
STEINUNN INGVARSDÓTTIR

LJÓSMYND: INGER HELENE BÓASSON
HÖNNUN: KYNNINGARMÁL LSH/AV



Deild 11E er krabbameinslækningadeild sem tilheyrir lyflækningasviði II og er eina sérhæfða legudeildin á sínu sviði á landinu. Hér eru 14 rúm, 6 einbýli og 4 tveggja manna stofur. Við leggjum mikið upp úr því að sjúklingar og aðstandendur þeirra finni til öryggis á deildinni og að þeim líði eins vel og unnt er á meðan þeir dvelja hjá okkur. Ef spurningar vakna við lestur þessa pésa erum við ávallt reiðubúin að svara þeim.

Veikindi hafa margvísleg áhrif á líf þeirra sem fyrir þeim verða, auk þess sem þeir þurfa að glíma við líkamleg vandamál. Hjúkrunarfræðingar og lækna deildarinnar eru í nánú samstarfi við fagaðila eins og sálfræðinga, félagsráðgjafa, presta, næringarfræðinga, sjúkrabjálfa, iðjubjálfa og lyfjafræðinga.

Skipulag hjúkrunar

Á deildinni er veitt einstaklingshæfð hjúkrun sem þýðir að frá því að þú leggst inn á deildina í fyrsta skipti er einn ákveðinn hjúkrunarfræðingur og einn sjúkraliði ábyrgur fyrir hjúkrun þinni. Við hvetjum þig til að leita til þeirra með hvaðeina. Fleiri hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar munu þó sinna þér meðan þú dvelur á deildinni.

Okkur er það kappmál að veita árangursríka og örugga hjúkrun sem byggð er á heilðrænni sýn, umhyggju og faglegum vinnubrögðum, virðingu fyrir lífi, réttindum og mannhelgi.

Lækna

Alltaf er einn sérfræðingur í krabbameinslækningum á vakt á deildinni auk aðstoðarlækna. Stofugangur lækna er á morgnana oftast frá klukkan 8:30 - 11:00.

Lyf

Hjúkrunarfræðingar sjá um að taka til og útdeila lyfjum á ákveðnum tímum. Á meðan þú dvelur á deildinni færðu þín föstu lyf, nema læknir ákveði annað. Ef lyf eru tekin með á spítalann, er best að afhenda þau hjúkrunarfræðingi til geymslu fram að útskrift. Apótek spítalans er staðsett í kjallara og er opið alla virka daga kl. 9:00 - 16:00.

Hagnýtar upplýsingar

Vaktaskipulag

Morgunvakt	08:00 - 16:00
Kvöldvakt	15:30 - 23:30
Næturvakt	23:00 - 08:30

Matmálstímar

Morgunmatur	kl. 08:30 - 09:00
Hádegisverður	kl. 12:00 - 13:00
Síðdegiskaffi	kl. 15:00
Kvöldverður	kl. 18:00 - 19:00
Kvöldkaffi	kl. 20:30

Upplýsingar til aðstandenda

Á deild 11E er heimsóknatími frá kl. 14:00 til kl. 21:00. Hafa ber í huga að veikt fólk þolir illa langar heimsóknir og marga gesti samtímis. Vinsamlegast sýnið öðrum sjúklingum tillitssemi í heimsóknum.

Æskilegt er að 1 - 2 aðstandendur séu tengiliðir við deildina og miðli síðan upplýsingum til vina og fjölskyldumeðlima. Sjúklingurinn getur sjálfur ráðið hverjum og hve miklar upplýsingar eru gefnar um liðan hans.

Hægt er að vera með GSM síma á deildinni en einnig er hægt að fá afnot af þráðlausum síma deildarinnar.

Aðstandendur geta keypt sér mat í mötuneyti spítalans. Setustofa fyrir sjúklinga og aðstandendur er innst á ganginum og er fólk hvatt til að nota sér hana. Aðstandendur og sjúklingar geta notað ísskápinn, og best er að merkja það sem þar er geymt.

Afþreying

Við rúm hvers sjúklings er hlustunartæki fyrir útvarp og sérstök athygli er vakin á slökunarrás spítalans sem er á rás 3. Hægt er að fá lánaðan geislaspilara og geisladiska. Inní á hverri stofu er sjónvarp, myndbandstæki og nettenging. Deildin á töluvert úrval af myndbandsspólum.

Bókasafn fyrir sjúklinga

Bókasafn er við aðalinngang spítalans og það er opið á mánudögum og fimmtudögum kl. 16:00 - 17:00. Bókavagn kemur á deildina vikulega á miðvikudögum eftir kl. 16:00.

Verslun

Sjúkravinir Rauða krossins reka verslun í anddyri aðalbyggingar Landspítala.

Virka daga er verslunin opin:

kl. 10:00 - 13:00 og kl. 18:00 - 19:30

Um helgar er hún opin: kl. 14:00 - 16:30

Fótsnyrting

Starfsfólk deildarinnar getur aðstoðað við að panta fótsnyrtingu en fyrir hana þarf að greiða.